

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Stakkaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmönnum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.



Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	4
Leiðarljós leikskólans:	5
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.....	8
2.2. Stutt greinargerð deildastjóra Kattholts um starfið á síðasta ári	10
2.3. Stutt greinargerð deildastjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári	12
Ytra mat	16
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	18
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7 Foreldrasamvinna	23
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>).....	24
9 Skipulagsdagar.....	25
10 Fylgigögn.....	25
10.1 Matsgögn.....	25
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	25

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megí hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans: Gleði – Hreyfing - Vinátta

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Það sem einkenndi helst starfið síðasta vetur var að við fengum fækkun á börnum, úr sjötíu og átta í sjötíu. Við vorum með 20 börn á Sjónarhól en aðal breytingin var í stóra húsinu og þá helst í salnum sem við höfðum nýtt sem heimastofu elsta hópsins. Þessi fækkun hafði veruleg áhrif á rýmið og hávaða.

Aðlögun gekk vel og var hægt að standa við allar dagsetningar sem gefnar höfðu verið í sambandi við inntöku nýrra barna en þar hjálpaði fækkun barna sem þíddi líka færra starfsfólk. Starfsmannahald var þungt sem var aðalega vegna skammtíma og langtíma veikinda starfsmanna. Þökkalega gekk að ráða en nokkrir stoppuðu stutt og er það alltaf álag fyrir viðkomandi deildir. Aðstoðarleikskólastjóri gegndi stöðu deildarstjóra á einni deildinni vegna skorts á fagfólki eins og hann gerði reyndar frá áramótum í fyrra. Við þurftum lítið að senda börn heim vegna manneklu og er það vegna samhents starfsmannahóps sem var tilbúinn að taka auka vinnu á sig. En skerðing á vistunartíma kom aldrei til. Hópefli – og heilsueflandi verkefnið frá SFS hafði jákvæð og góð áhrif á starfsmenn. Það var nýtt fyrir líkama og sál. Við fengum m.a. Vinnuvernd til að kanna heilsufar okkar og meta niðurstöður og koma með tillögur að bættri líðan.

Í desember sóttu allir starfsmenn námskeið á vegum Lubbasmiðjunnar, Lubbi finnur málbeinið. Efni námskeiðsins var skapandi og árangursrík vinna með mál, tal og læsi barna. Góð vinna hefur verið með efnið í vetur sem hefur styrkt mál- og læsisvinnu leikskólans.

Þrír elstu árgangarnir fóru í íþróttir í íþróttahúsi HÍ og yngri börnin hér heima. Tvö dansnámskeið voru eins og venjulega og lauk þeim með sýningu í apríl.

Eins og fyrr voru mörg skemmtileg verkefni unnin í vetur, verkefni tengd útikennslu, bókasafnið o.fl. Elstu börnin tók þátt í samstarfi við Tónskóla Sigursveins sem lauk með tónleikum í Hörpu. Var þetta verkefni liður í Barnamenningarhátíð og voru þau með í stórum kór á opnunarhátíðinni í Eldborgarsalnum í Hörpu. Það er yndislegt og ógleymanlegt að sjá þennan stóra hóp barna gera þessa stund svona stórkostlega og stjórnendur og börnin svo flott.

Maximús kom í heimsókn til okkar í mars við mikinn fögnuð allra.

Börnin voru með mikla og skemmtilega sýningu fyrir foreldra þar sem unnið var með Lubba.

Sýningin tókst mjög vel.

Sveitaferðin og vorhátíð voru á sínum stað. Útskrift og útskriftarferð elstu barnanna var skemmtileg. Farið var í Viðey.

Skipulagsdagar voru nýttir vel , fengum til okkar nokkur námskeið . Við fengum Kolbrúnu Björgúlfsd. sálfræðing til að vera með umfjöllun um einelti og var Nóaborg með okkur á þeim degi . Miðja máls og læsis kom og Lubbasmíðjan. Við forum á ráðstefnu á vegum SFS. Það hefur gefist frábærlega þegar allir hafa getað tekið þátt saman. Má þá nefna þá góðu vinnu sem hefur farið af stað eins og Lubbaverkefnið og læsisverkefni. Einn starfsmaður sótti Fagnámskeið 1 og 2 sem stóð í 5 vikur. Sérkennslustjóri og starfsmenn í sérkennslu sóttu námskeið á vegum Greiningarstöðvar.

Ég er mikið ánægð með að farið er af stað vinna í að bæta starfsumhverfi leikskólanna. Þetta er þörf vinna og nauðsynleg núna þar sem fækkun leikskólakennara er mikil.

Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Í maí 2018 fór fram ytra mat leikskólans sem var framkvæmt af SFS og verður í kjölfar þess gerð umbótaáætlun.

Með áætlun síðasta árs var gerð umbótaáætlun þar sem komið var inn á nokkra þætti sem við viljum bæta en tókst ekki að vinna með á síðasta ári. Áætlunin er með í fylgiskjali.

Langtíma matsáætlun 2019 - 2022

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		x	

Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x		x
Námsvið leikskólans		x		x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	x	x	x	x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd		x		x
Gagnaöflun og		x		x

vinnubrögð				
Opinber birting og umbætur		x		x

Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Undralands /salur um starfið á síðasta ári

Starfið í vetur hefur gengið brösuglega. Má þar fyrst telja mikil starfsmannavelta og voru allir starfsmenn deildarinnar nýir að undanskilnum deildarstjóra og einum starfsmanni sem fór í veikindaleyfi um áramótin. . Tveir nýir starfsmenn tóku við umsjón yngri árgangsins og nýr starfsmaður byrjaði í salnum og vann með deildarstjóra . Sá hinn sami hætti um áramótin og byrjaði einn starfsmaður um áramótin og annar 1. mars.

Næst elsti árgangurinn – 2013 –dreifist á Kattholt, salinn og Undraland og var deildastjóri að reyna að halda utan um vinnu með árganginum auk vinnu með 2014 börnunum. Þetta var of mikil vinna og endaði stundum í litlum skilum.

Vinnan fyrir áramótin fór mikið í að koma hópnum saman og finna flöt á sameiginlegri vinnu hjá hópnum

Eftir áramót fórum við í markvissa vinnum með Lubbi finnur málbein og gekk sú vinna mjög vel og voru börn og starfsfólk ánægð með verkefnið, sem endaði á sýningu fyrir foreldra í lok vors.

Foreldraviðtöl voru 2x yfir veturinn og gengu þau vel og góð mæting. Dagleg samskipti við foreldra í fataklefa eru einnig vel nýtt. Að venju fóru eldri börnin vikulega í íþróttahúsið við Háteigsskóla og reglulega í sögustundir í Kringlubókasafn



Innra mat Undralands / salur

- Í innra mati kom fram að möguleikar útileiksvæðis og húsnæðis eru vel nýttir til leiks og náms. Flæðið í stóra húsinu hefur gengið vel og börnin nýta rýmið vel í frjálsa leiknum. Einnig höfum við verið dugleg að færa hópana milli deilda/rýma þegar tækifæri hefur gefist til. Mikil áhersla er á frjálsa leikinn og að börnin fái nógan tíma til að sinna honum. Sjálfsprottum leik og athöfnum barnanna er gefið nægilegt svigrúm. Í matinu kom líka fram að milli barnanna ríkir samkennd og virðing og að börnin eru glöð og áhugasöm í leikskólanum. Veikleikar deildarinnar m.a. að stefna og gildi leikskólans eru ekki nógu sýnileg í starfinu. Við þurfum líka að vinna að samhentum starfsmannahópi á deildinni, að samstarf og samábyrgð starfsfólks verði sýnileg og að starfsfólk leiðbeini og taki þátt í leik barnanna þegar það á við. Það þarf líka að skrá betur niður tilgang og framkvæmd hvernar stundar fyrir nýju starfsfólki

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einkunnar- orð og gildi leikskólans	Gera þau sýnileg á deildinni	merkja, kynna betur fyrir foreldrum, starfsfólki, börnum	Des 2018	deildastjóri	Endurmat fer fram á deildafundu m, í des og að vori	Einkunnarorð og gildi skólans sýnilegt. Allt starfsfólk veit nákvæmlega fyrir hvað skólinn stendur, börn og foreldrar þekki gildin og einkunnarorðin

Samstarf og samábyrgð starfsfólks sýnileg	Að þetta starfsmannahóp inn og samkennd og starfsfólk fái meiri ábyrgð	Skipulagðra starf, örari deildafundir, undirbúnings tímar	Mai 2019	Deildastjóri Allir starfsmenn	Reglulega á deildafundum	Allt starfsfólk veit nákvæmlega hvað það á að gera, allir hafa sitt skýra hlutverk
Ritmál	Gera ritmálið sýnlegra á deildinni	Bækur aðgengilegri Lestur, allt merkt	Lok mai 2019	Allt starfsfólk, deildastjóri	Regluleg á deildafundum, fara yfir hvað má gera betur	Sýnilegt ritmál í skólanum er fyrsta skrefið í að sýna börnunum að ritmálið leiðir til orða og smátt og smátt læra börnin að öll hafa þau einhverja merkinu

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári

Starfið á deildinni gekk vel í vetur. Eitt að okkar helstu áherslum er að styðja við sjálfstæð barnanna í daglegu starfi með því að virkja áhuga þeirra og reyna að framkvæma hann. Við leggjum einnig mikla áherslu á frjálsan leik barnanna og að vera til staðar fyrir þau eftir þörfum. Enginn þema var í vetur hjá okkur heldur unnum við með þann efnivið sem börnin höfðu mest áhuga á eins eins og sögugerð, stafi, starfræði með Numicon kubbum, teikningar og að byggja úr kubbum. Við lögðum mikla áherslu á samskipti þeirra á milli eins og hvernig þau ættu að koma fram við hvort annað. Hjálpuðum þeim að skilgreina hvað er vinátta. Eftir áramót var byrjað að vinna með Lubbi finnur málbeinið. Börnin unni einnig að gerð stutt mynda þar sem þau gerðu handritið, búning og svo var myndin tekin upp og sýnd foreldrum á útskriftardaginn þeirra. Börnin höfðu val um hvort þau væru með eða ekki og völdu nokkur þeirra að taka ekki þátt.

Starfsmannahald hefur verið gott á Kattholti í vetur. Litlar fjarvistir voru í vetur vegna veikinda en deildarstjóri hefur verið frá tvisvar til þrisvar í mánuði vegna fundar hjá Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur, þar sem hann hefur settu sem áheyrnafulltrúi starfsmanna í leikskóla. Einnig þurfti hann

að vera frá vegna funda hjá Félagi leikskólakennara eftir þörfum. En á heildina litið hefur þetta gengið vel. Foreldrasamstarf hefur verið gott. Mikil og góð dagleg samskipti eru á deildinni svo og foreldraviðtöl tvisvar sinnum yfir veturinn og voru þau vel sótt.

Eitt að föstu verkefnum okkar eru Skilaboðaskjóðan sem er samstarfsverkefni okkar, Nóaborgar, Klambra og 1. bekk Háteigsskóla. Við hittumst reglu yfir skólaárið annað hvort allir saman eða hittumst ein og ein skóli hjá hvor öðrum. Farið var reglulega á bókasafnið eða hver hópur tvisvar í mánuði. Börnin fóru í leikhús og skoðuðu söfnin í borginni. Leikfimi var hjá okkur 1 x í viku og dans var í boði bæði fyrir ármót og eftir áramót sem endaði með danssýningu fyrir foreldra og ættingja. Börnin ákáðu að fara í útskriftaferð til Viðeyjar og eyða deginum þar og fengu þau að ráða hvað þau tækju með sér að borða og hvað yrði gert þar. Á hverju ári í nokkur ár höfum við tekið þátt í samstarfsverkefni með Tónskóla Sigursveins ásamt mörgum öðrum leikskólum. Þar sem unnið er með ákveðin lög og þau svo flutt fyrir fullum sal í Hörpunni á opnun Barnamenningarhátíðar. Það er barnanna hverju sinni hvort þau vilja taka þátt eða ekki.

Innra mat Kattholts

Í innra mati kom fram að möguleikar útileikskvæðis og húsnæðis eru vel nýttir til leiks og náms. Flæðið í stóra húsinu hefur gengið vel og börnin nýta rýmið vel í frjálsa leiknum. Mikil áhersla er á frjálsa leikinn og að börnin fái nógan tíma til að sinna honum. Sjálfsprottnum leik og athöfnum barnanna er gefið nægilegt svigrúm. Samskipti barna og fullorðinna væri mjög gott og ríkti mikill samkennda og virðing þar á milli. starfsfólk er mjög uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnunum og samtöl þeirra á milli væru hvetjandi.

Í matinu kom líka fram að milli barnanna ríkir samkennd og virðing og að börnin eru glöð og áhugasöm í leikskólanum.

Veikleikar deildarinnar m.a. að stefna og gildi leikskólans eru ekki nógu sýnileg í starfinu.

Leitað verði fjölbreyttar leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa vald á íslenski tungu.

Unnið verði markvisst með heimamenningu barnanna

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Einkunnar- orð og gildi leikskólans	Gera þau sýnileg á deildinni	merkja, kynna betur fyrir foreldrum, starfsfólki, börnum	Des 2018	deildastjóri	Endurmat fer fram á deildafundu m, í des og að vori	Einkunnarorð og gildi skólans sýnilegt. Allt starfsfólk veit nákvæmlega fyrir hvað skólinn stendur, börn og foreldrar þekki gildin og einkunnarorðin
Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu	Börnin geti tjá skoðanir sýnar og vilja eins og hin börnin	Setja allt fram á myndrænan hátt	Maí 2019	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildafundir og skipulagsdag ar	Að börnin fái tæki í hendurnar til að geta tjáð langanir og þarfir á auðveldan hátt
Ritmál	Gera ritmálið sýnlegra á deildinni	Bækur aðgengilegri Lestur, allt merkt	Lok maí 2019	Allt starfsfólk, deildastjóri	Deildafundir og skipulagsdag ar	Sýnilegt ritmál í skólanum er fyrsta skrefið í að sýna börnunum að ritmálið leiðir til orða og smátt og smátt læra börnin að öll hafa þau einhverja merkinu

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel fyrir sig. Einn starfsmaður fór í óvænt veikindaleyfi. En það leystist vel úr hendi þar sem allir lögðu sitt á vogaskálirnar og hjálpsemi ríkjandi hér í Stakkaborg. Eitthvað um veikindi eins og gengur.

Aldurhópurinn var breiður vorum með 2014, 2015 og 2016. Hópunum var skipt eftir aldri.

Mikil og góð samvinna við Undraland, þar sem 2014 börnin fóru tvisvar í viku og léku sér með yngstu börnunum á Undralandi. Þessi börn voru saman í leikfimi í salnum. Þau fengu að taka þátt í flæðinu í stóra húsinu sem vakti mikla lukku meðal barnanna og aðlögun barna á Undraland gekk mjög vel.

Eftir áramótin byrjuðum við á að vinna með Lubbi finnur málbein en sú vinna hefði mátt vera markvissari. En ég skrifa það á að enginn hafði unnið með Lubba áður og það tók smá tíma að komast á stað með Lubba. Börnin tóku mjög vel undir þetta verkefni og voru fljót að tileinka sér hljóðin. Starfsfólk sá augljósan árangur hjá börnunum.

Mikil og góð samskipti voru við foreldra og þá sérstaklega þegar komið var að sækja börnin. Starfsfólk duglegt við að segja frá deginum. Foreldraviðtöl voru tvisvar yfir veturinn og gengu mjög vel. Í foreldraviðtölunum kom í ljós mikil ánægja foreldra.

Starfsmenn Sjónarhóls náðu mjög vel saman, samvinna milli starfsmanna var mjög góð. Ef upp kom ágreiningur meðal starfsmanna þá var leyst úr því með hlýju og virðingu fyrir hvert öðru.

Innra mat Sjónarhóls

- Hér á að koma stutt samantekt um helstu niðurstöður, styrkleika og veikleika innra mats frá síðasta starfsári (2017-2018).
- Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls. 37 í *leiðbeiningar um innra mat í leikskóla*). Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.
- Í matinu kom fram að milli barnanna ríkir virðing og samkennd. Samtöl við börn eru hvetjandi. Virðing og traust ríkir á milli allra aðila á deildinni. Andrúmsloftið afslappað og gleði ríkir. Tillit tekið til ólíkra sjónarmiða. Þetta eru styrk leikarnir.

- Veikleikarnir eru sem hér segir
- Gera þarf einkunnarorð/gildi leikskólans sýnileg
- Gera þarf ritmál sýnilegt
- Vinna markvisst að sjálfbærni og vísindi
- Gera skráningar á námi barna sýnilegar á deildum.



Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinna markvisst að sköpun og áhersla verði lögð á ferlið frekar en afurðir	Ákveða í sameiningu hvað við ætlum að vinna með og hvernig. Setja upp áætlun hvernig við ætlum að vinna með sköpun hvaða aðferðir við notum.	Vinna markvisst og fá hugmyndir hjá börnunum Að unnið sé markvisst með lýðræði og jafnrétti og notalegu andrúmslofti	Haust 2018- vor2019	Deildarstjóri ber ábyrgð að þetta fari fram og sé gert í samræmi við áætlun. Lögð sé áhersla á að allir starfsmenn fái sín notið og nýta mannauðinn.	Stuðst verður við könnunar- aðferðina Huga að eftirfylgni og mikilvægi þess að þessu verði framfylgt.	Skráning fari fram á gæðamati til þess að athuga hversu vel tókst til og hvað má bæta.
Gera einkunna r orð/gildi leikskólan s sýnileg. Að stefna og gildi birtast í starfi á deildinni	Koma upp einkunnarorðu m og gildum. Þannig að það sé sýnilegt bæði fyrir starfsfólk og foreldra . Að foreldrar upplifi að stefnan,gildin og einkunnarorðin birtist í starfi deildarinnar.	við það? Kynning fari fram m.a á deildarfundi fyrir starfsfólk fá hugmyndir frá starfsfólki og góð kynning fari fram á foreldrafundi	Des 2018	Deildarstjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn taka þátt.	Endurmat fer fram á deildafundu m, í des og að vori	Einkunnarorð og gildi skólans sýnilegt. Allt starfsfólk veit nákvæmlega fyrir hvað skólinn stendur, börn og foreldrar þekki gildin og einkunnarorðin

Ytra mat

3.1 Viðhorfskönnun var gerð meðal starfsmanna. Reykjavíkurborg sendir út á hverju ári viðhorfskönnun meðal starfsmanna og er tilgangurinn að fá viðhorf starfsmanna á ýmsum þáttum starfsins, starfsumhverfi og stjórnunarháttum. Sent er á netfang starfsmanna og er hún því rafræn. Könnun er nafnlaus og engum er skylt að taka þátt. Þátttaka starfsmanna Stakkaborgar var mjög dræm í ár.

Önnur starfsmannakönnun var gerð í tengslum við Ytra matið sem framkvæmt var í maí af SFS. Góð þátttaka var í þeirri könnun sem var einnig rafræn og send á netföng starfsmanna. Svarhlutfall var 79%. Helstu þættir sem þarf að bæta og leggja áherslu á eru : Móttaka nýrra starfsmanna, reglulegir deildarfundir þar sem lögð verður áhersla á faglega umræðu, leiðbeining til starfsmanna á deildum, efla samstarf og starfsanda og metnað allra starfsmanna.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Móttaka starfsmanna	Að starfsmenn viti stefnu og vinnubrögð. Starfsmannahan dbók.	Höfum kynningarfun di og nýir starfsmenn hafi móttökuaðila	Strax og starfsmaður byrjar og eins og þörf er á	Leikskólastjórne ndur	Gera könnun meðal starfsmanna. Eða rýnihóp að vori.	Að allir viti sitt hlutverk og séu öruggir

Deildarfundir	Uppbyggilegir fundir	Fundir reglulega	Alltaf	Leikskólastjórnendur	Rýnihópar starfsmanna	Að öllum finnist deildarfundir gefandi og góðir
Metnaður	Auka metnað starfsmanna	Reyna að kveikja áhuga og skilning á mikilvægi starfsins og ábyrgð. Ræða símenntun	Hefst ágúst 2018 og er alltaf	Leikskólastjórnendur og allt starfsfólk.	Starfsmanna viðtöl. rýnihópar	Að allir finni fyrir mikilvægi starfsins.
Starfsandi	Auka samhug og léttleika	Að gera alla meðvitaða um mikilvægi starfsins og að við öll tökum ábyrgð. Hafa skemmtileg og krefjandi verkefni . Gera saman og fara saman. Gera starfið og samveruna skemmtilega og uppbyggilega	Er alltaf í gangi	Leikskólastjórnendur og allir starfsmenn.	Kannanir, starfsviðtöl	Að öllum líði vel.

Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Laufey Erla hóf störf sem sérkennslustjóri í 50% starfi 1. febrúar 2018. Svanhvít

Guðjónsdóttir gegndi því starfi til 1. okt. 2017. Leikskólinn var án sérkennslustjóra í þrjá mánuði.

Laufey fór í minni vinnu og veikindaleyfi frá apríl og síðan fer hún í fæðingarorlof í júlí 2018.

Hjá okkur voru tvö börn í 1 flokk sem voru með 6 stundir í sérkennslu hvort. Tvö börn voru í 2 flokk með ákveðna peningarupphæð á mánuði sem dekkjaði eina og hálfa stöðu sem sinnti stuðning við barn og deild eftir viðfangsefnum hverju sinni. Um sérkennslu sáu um auk sérkennslustjóra, tveir starfsmenn.

Sérkennsla miðast alltaf við barnið sjálft og þarfir þess hverju sinni. Einstaklings áætlanir eru gerðar fyrir barnið þar sem skýr markmið eru sett fram í samráði við foreldra og um hugmyndir að kennsluaðferðum til að ná þeim. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk leikskólans geti unnið eftir aðferðunum.

Stundum eru fleiri en eitt barn í verkefnum svo barnið einangrist ekki og stundum til að kenna góð samskipti. Færni er oft æfð í einrúmi í sérkennslu herberginu áður en hún er yfirfærð inn í barnahópinn. Reynt er að koma í veg fyrir að sérkennslubarn fái á sig stimpil um að eitthvað sé að því og til þess að það takist þarf allt starfsfólk að koma að sérkennslu barnsins og vita hvaða markmið eru sett og hvaða aðferðir eru notaðar til að ná þeim. Ákveðinn starfsmaður er þó alltaf með ábyrgðina á að barnið fái þá aðstoð og kennslu sem þarf.

Reynt er að koma í veg fyrir að sérkennslubarnið fái á sig stimpil um að eitthvað sé að því og til þess að það takist þarf allt starfsfólk að koma að sérkennslu barnsins og vita hvaða markmið eru sett og hvaða aðferðir eru notaðar til að ná þeim. Ákveðinn starfsmaður er þó alltaf með ábyrgðina á að barnið fái þá aðstoð og kennslu sem þarf.

Þegar barn fær stuðning/sérkennslu í leikskólanum er fylgst með árangri og einstaklings áætlun er endurskoðuð og henni breytt í samræmi við árangur. Haldnir eru fundir með ráðgjöfum og foreldrum á u.þ.b. 2. mánaða fresti þar sem rætt er hvernig gengur heima og í leikskólanum og ráð gefin þegar þess þarf. Foreldrar fá alltaf allar fundargerðir og allt sem skráð er um þeirra barn.

Barn fer í endurmat hjá sálfræðingi/ sérfræðing þjónustumiðstöðvarinnar rétt fyrir grunnskólagönguna.

Þegar áhyggjur vakna af þroska barns er haft samband við foreldra og haldinn fundur. Eftir samtal við foreldra eru viðeigandi próf eða listar lagðir fyrir bæði barn og foreldra. Listarnir og prófin eru svo metin og tekin staðan hvert næsta skref verður. Gott samstarf er við þjónustumiðstöð og höfum við aðgang að sérkennslufulltrúa, hegðunarráðgjafa, sálfræðing og talmeinafræðing til að leiðbeina okkur og foreldrum með ýmis mál.

- Sérkennslustjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámsskráa í leikskólanum. Þá vinnu gerir hann í samvinnu við starfsfólk sem sinnir sérkennslu, deildarstjóra, foreldra og ráðgjafa.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar að hausti og svo í byrjun árs, þær eru einnig endurmetnar með vissu millibili.

- Fastir fundir með foreldrum og ráðgjöfum.

Mikið samstarf er við þjónustumiðstöð og ráðgjafar eru okkur og foreldrum innan handar og aðstoða við námskrár og. fl.

- Samvinna er við Greiningarst. ríkisins, talmeinafræðinga, iðju- og þroskapjálfa.
- Sérkennslustjóri hefur verið með ráðgjöf og fræðslu fyrir starfsmenn leikskólans.

Ekkert innramat fór fram hjá sérkennslunni þetta starfsárið en stefnt verður að því skólaárið 2018 – 2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Myndastund atöflur á öllum deildum,	Að skipulag verði auðskilið fyrir alla	Setjum upp myndræna stundatöflu	Haut 2018 og líkur á því ári	Deildarstjórar og sérkennslustarfs menn	Tékk – að það sé framkvæmt	Að börnin séu örugg með hvað er á dagskrá og geti fylgt planinu.

2 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Starfsfólk hefur fengið fræðslu frá Miðju máls og læsis og Fríðu B. Jónsdóttur verkefnastjóra í fjölmennningarlegu leikskólastarfi. Einnig hefur þjónustumiðstöð VMH leiðbeint starfsmönnum.

Í Stakkaborg voru 10 börn sem eru með annað móðurmál en íslensku. Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum settu upp plan um vinnu, verkefni og námsefni sem unnið var með í hópavinnu. Um áramótin var ráðinn starfsmaður í hlutastarf sem vann með þeim börnum sem verst voru stödd. Fjárhæð sem skólinn fékk fór í laun þessa starfsmanns.

Markvisst er unnið til að auka orðaforða. Notaðar fjölbreyttar aðferðir og hjálpargögn. Unnið er með líkamsheiti og afstöðuhugtök, myndrænt og í athöfnum t.d. hreyfistundum, þegar verið er að klæða út, í matartímum. Myndir eru notaðar til að búa til sögur eða atburði, örsögur, Sögukassinn, Lubbi, unnið er með tölur og þrautir, litir og form. Einnig eru ípadinn notaður.

Við förum í gönguferðir – hvar eigum við heima- húsið mitt, afmæli, pabbi, mamma og eitthvað sem tengist nærumhverfi barnsins er notað í verkefni og umræðu.

Við spilum, lesum, skoðum bækur, syngjum o.fl. Sláum takt, rímum og nýtum Lubba. Orðaforði og skilningur er dýpkaður með því að tengja saman orð og athöfn.

Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna?

- matið hefur bæði verið huglægt og svo markvisst skráð niður
- eldri börnin taka Hljóm 2
- Unnið er því að börnin fari í mat í Íslenska Hljóðmælinum

Hvernig er samskiptum við foreldra háttað?

- Móttaka og aðlögun? Túlkur er með í fyrsta viðtali. Við höfum túlk með í viðtölum. Foreldrar eru með barninu sínu í nokkra daga í upphafi aðlögunar til að kynnast okkur og starfinu.
- Tölvupóstur fer á ensku. Pólskur starfsmaður hjálpar til við skilaboð og samskipta ef þarf við pólska foreldra og börn. Símatúlkun hefur einnig verið notuð í sambandi við skilaboð.
- Upplýsingagjöf: tölvupóstur á ensku, samtal í fataklefa, túlkar maður á mann samtal, hringt reglulega í foreldri til að fara yfir stöðu barnsins
- Samræða um mál og læsi, nám og þroska, stuðningur við móðurmál og íslensku? Við hvetjum foreldra ætíð til að tala móðurmál sitt við börnin og einnig að lesa fyrir þau á móðurmáli

þeirra. Við fáum lista frá foreldrum yfir heiti á hlutum og athöfnum t.d. leika – borða – fara út – sofa o.fl



3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári.
Spurt er um líðan í starfi , styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á. Hvað starfsmaður vill leggja áherslu á í starfinu. Það sem starfsmaður vill sjálfur ræða um
- Nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum.
Þurfum að efla alla móttöku nýliða og gera móttökuáætlun virka.
- Deildastjórar á námskeið um innramat og skráningu
- Námskeið fyrir alla frá Miðju máls og læsis
- Námskeið í slysavörnum
- Fræðslutilboð frá endurmenntun HÍ og frá SFS verða skoðuð
- Einn til tveir leiðbeinendur fara á fagnámskeið 1 og 2
- Einn starfsm. fer á íslenskunámskeið hjá Mími
- Þróunarverkefnið með Rannung sem hefst haust 2018. Höfum ekki fengið um framkvæmd verkefnisins. Gengur það út á að styrkja deildarstjóra í starfi

4 Foreldrasamvinna

Á Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag

Í foreldraráði er eitt foreldri frá hverri deild, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börn skipulagningum. Ráðið fær áætlanir til umsagna.

Foreldrafundur verður 17. október. Kynning verður á skólastarfinu og hver deild kynnir stundaskrá og starf vetrarins. Kaffi og spjall.

Tvö foreldraviðtöl eru yfir skólaárið, að hausti og að vori.

Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á aðalfundi að hausti. Tveir fulltrúar af hverri deild auk fulltrúa starfsmanna. Mikið af samskiptum félagsins er í tölvupósti en einnig eru haldnir fundir.

Foreldrafélagið heldur utan um ýmsar upptækur s.s. jólaball, sveitaferð, sumarhátíð o.fl.

5 Samstarf leik- og grunnskóla

Skilaboðaskjóðan. Samstarf Háteigsskóla, Nóaborgar, Klambra og Stakkaborgar hefur verið farsælt og stöðugt eftir að þróunarverkefni þessara skóla lauk .

Markmiðið með þessu samstarfi er að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla.

Brúa bilið milli skólastiganna.

Efla og styrkja samstarf starfsfólks á báðum skólastigum.

Dagsetningar verkefnisins eru :

- 12. okt GM heimsókir Nóaborg -
- 16.okt EBE heimsækir Nóaborg -
- 24.okt Klambrar heimsækja Nóaborg –
- 26.okt GM heimsækir Klambra –
- 30. okt EBE heimsækir Klambra –
- 31.okt kl. 9:30 Klambrar heimsækja Stakkaborg –
- 2. nóv. kl. 9:30 GM heimsækir Stakkaborg –
- 6.nóv. EBE heimsækir Klambra –
- 13.nóv Nóaborg heimsækir Klambra –
- 14.nóv kl. 10:00 Stakkaborg heimsækir Nóaborg –
- 21.nóv. kl.10:00 Nóaborg heimsækir Stakkaborg –
- 28.nóv. kl. 9:30 Stakkaborg heimsækir Klambra –
- 10.des kl. 10:15 Við syngjum öll saman jólalögin í Háteigsskóla. Boðir verður uppá piparkökur og safa í stofum 1. bekkinga eftir samsönginn.
Gert er ráð fyrir að gestir kenni gestgjöfum lag eða þulu eða jafnvel leik.
Það á eftir að setja niður dagsetningar fyrir næsta ár.
- Við förum alltaf í hreyfistundir í íþróttahúsi HÍ einu sinni í viku með þrjá elstu árganganna

6 Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar á sama tíma og grunnskólinn eru :

- 4. október 2018,
- 23. apríl 2019,
- 3. júní 2019.

Aðrir skipulagsdagar eru :

- 21. september 2018
- 18. jan 2019,
- 7. febrúar 2019.

Starfsmannafundir eru :

- 11. september 2018,
- 21. nóvember 2018,
- 14. mars 2019

7 Fylgigögn

7.1 Matsgögn

7.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)

F. h. leikskólans Stakkaborgar

Ólafía B. Davíðsdóttir
Leikskólastjóri

1. október 2018
Dagsetning

Fylgirit með starfsáætlun

Stakkaborg

Umbótaáætlun 2018-2019

Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Niðurstöður metnar
Þættir sem þarfnast umbóta.	Hvaða aðgerð (ir) stuðla að umbótum?	Hvenær hefst?	Hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð á að umbætur komist til framkvæmda?	Hvaða aðferðir (fjölbreyttar) eru notaðar við gagnaöflun?	Hvenær á að meta hvort heildarniðurstöður hafi skilað árangri?
Foreldrasamstarf, fá erlenda meira inn í starfið	Fá þá í heimsókn, sérkenni þjóðanna, menningarmót	Í haust og vetur.	Þessi vinna er alltaf í gangi	Stjórnendur	Könnun og samtöl við foreldra og starfsmenn	Vor 2019
Móttaka nýrra starfsmanna	Góð kynning, deildarstj. með viðtöl og leiðbeiningu, handbók	Haut /vetur	Á alltaf að vera í gangi	Stjórnendur	Könnun hjá starfsmönnum	Vor / sumar 2019
Aukin áhrif foreldra á leikskólastarfið	Fá frá foreldrum hvað þau vilja hafa meiri áhrif á og nýta lestur bóka sem eru til umfjöllunar bæði í leikskóla og heima	Haut/vetur	Haut /vetur	Stjórnendur	Gera könnun meðal foreldra	Vor /sumar 2019

--	--	--	--	--	--	--

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:

Stakkaborg

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Dagur stærðfræðinnar	1 F		1 M		1 M	Barnamenningarhátíð/Verka	1 L		1 M	
2 F		2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F	Barnamenningarhátíð	2 S	Sjómannadagurinn	2 Þ	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F		3 S		3 S		3 M		3 F	Barnamenningarhátíð	3 M	Skipulagsdagur (grunnsk)	3 M	
4 L		4 Þ		4 F	Skipulagsd. (grunnsk.)	4 S		4 Þ	Skreyta piparkökur m/foreldrum og mála skó	4 F		4 M		4 M	Bolludagur foreldraviðtöl K.H.	4 F		4 L	Barnamenningarhátíð	4 Þ		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M	foreldraviðtöl Undraland og Sjónarhóll	5 M		5 L		5 Þ	Búningadagur	5 Þ	Sprengidagur	5 F		5 S	Barnamenningarhátíð	5 M		5 F	
6 M	Friðagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F		6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 F		7 M	Vasaljósavika	7 F	Leikskólaráðstefnan	7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	
8 M		8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M	Opin foreldravika	8 M		8 L		8 M	
9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 S	Jólaball foreldrafélagsins ?	9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M	Dótdagur	10 L		10 M	Grasagarðunin þessa viku	10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunnu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ	Skórinn út í glugga	11 F	Náttfataball	11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ	Útskriftaferð elstu barna þessa viku ?	11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F	Slökkviliðið í heimsókn 13:00	13 L		13 Þ	Dótdagur	13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 F		14 M		14 F		14 F		14 S	Pálmásunnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	Dömkaffi	15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S	Jólaball foreldrafélagsins ?	16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M		17 M	Foreldrafundur kl 20-22	17 L		17 M		17 F		17 S	Konudagur	17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F	Vetrarfrí	18 S		18 Þ		18 F	Skipulagsdagur	18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ	Útskriftaferð elstu barna þessa viku ?	18 F	
19 S		19 M		19 F	Vetrarfrí	19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ	Dótdagur	19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F	Jólasögustund á bókasafninu elstu	20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 M		21 F		21 M		21 F	Alþjóðardagur móðurmálsins	21 F		21 S	Páskadagur	21 Þ		21 F		21 S	
22 M		22 L		22 M	Vetrarfrí	22 F		22 L		22 Þ		22 F		22 F		22 M	Annar í páskum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ	Skipulagsd. (grunnsk)	23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aðfangadagur jóla	24 F		24 S		24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Bóndadagur	25 M	Foreldraviðtöl Undraland og Sjónarhól	25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti Umhverfisdagur	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 F	Náttfata og bangsad	26 M	Baka piparkökur þessa viku	26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ	Vetrarfrí	26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur Alþjóðlegi bangsadagurinn	27 Þ	Opin foreldravika	27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M	foreldraviðtöl Kattholt	29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M	Útskrift elstu barna	29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ	Barnamenningarhátíð	30 F	Uppstigningardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gamlársdagur	31 F				31 S				31 F				31 M	

Starfsáætlun 2018 – 2019

Stakkaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bryndís Björk Arnardóttir

Rakel Sif Jónsdóttir

Sólrún Flókadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Stakkaborgar hefur kynnt sér starfsáætlunina fyrir árið 2018-2019.

Skólaárið 2017-2018 gekk vel og framkvæmt var ytra mat á Stakkaborg sem kom almennt vel út, börnunum líði vel og bera virðingu fyrir hvort öðru. Þær athugasemdir sem gerðar voru snéru að skjölun og uppfærslu skólanámskrár sem stendur til bóta á þessu námsári.

Samkvæmt starfsáætluninni gerir leikskólinn ráð fyrir að leggja áherslu á markvissa málörvun með kennsluefninu um Lubba. Nú þegar eru komnar fleiri skýringarmyndir um skipulag dagsins og í fataklefanum um hvaða útiföt skuli klæða sig í sem dæmi. Þetta er bæði liður í að hafa sýnilegra ritmál og myndrænni upplýsingar fyrir börn sem hafa ekki íslensku sem móðurmál eins og kemur fram í starfsáætluninni. Sem umbætur eftir starfmannakönnun eru sett markmið um faglegan metnað og starfsanda innan leikskólans. Foreldraráði er almennt ánægt með þau markmið því að börnunum líður best þegar starfsfólkið er samhuga.

Foreldraráð telur slæmt að ekki sé fengin afleysing í starf Sérkennslustjóra, enginn sérkennslustjóri var í 3 mánuði skólaárið 2017-2018 og stefnir í að sú staða verði laus frameftir vetri. Þó er jákvætt að þau börn sem þurfi á stuðningi að halda fái hann og markvisst sé unnið með þeim að þeirra málum þó að enginn starfandi sérkennslustjóri er á leikskólanum.